

94
31. júlí

Samþykkt

um notkun og meðferð áveituvatns úr Kráká í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Rjett til áveituvatns úr Kráká hafa ábúendur eða umráðamenn jarðanna: Grænavatns, Skútustaða, Álftagerðis, Haganess, Arnarvatns, Gautlanda, Litlustrandar og Baldursheims; ennfremur umráðamenn sjerstakra engjahluta, sem vatn úr Kráká nær til, þó eigi heyri undir nefndar jarðir. Skulu allir vatnsnotendur hafa fjelagsskap sín á milli, í þeim tilgangi:

- a. að ná sem bestum tókum á vatni úr Kráká til áveitu, svo ráðið verði við að nota það sem haganlegast og rjettlátast.
- b. að sporna við því, að Kráká brjótist úr sínum rjetta farvegi og valdi með því tjóni á engjum.

2. gr.

Aðalfundur í áveitufjelagi þessu skal halda eigi síðar en í maibyrjun ár hvert. Skulu þar kosnir 3 menn í framkvæmdarstjórn fjelagsins, og gildir sú kosning til þriggja ára. Stjórnin hefir forgöngu allra framkvæmda fjelagsins, sem ekki eru beinlínis öðrum faldar, og heldur reikninga þess. Hún skiftir sjálf með sjer verkum, en formaður boðar til funda og stýrir þeim. Á aðalfundi fjelagsins skulu lagðir fram reikningar þess fyrir umliðið ár, með samþykki tveggja endurskoðenda, er aðalfundur kýs til þriggja ára í senn. Þar skulu og teknar ályktanir um framkvæmdir fjelagsins á komandi ári. Heimilt er stjórninni að boða til aukafunda, ef þörf krefur, en skylt er henni ef 3 fjelagsmenn æskja þess. Þá er samþykkt þessi er komin á, skal atkvæðisrjettur um framkvæmdamál-efni áveitufjelagsins fara eftir hluttöku hvers vatnsnotanda í fjárframlögum, samkvæmt 8. gr.

3. gr.

Að öllum jafnaði verða eigi önnur mannvirki gerð á kostnað fjelagsins, en að tryggja það, að vatn geti haldist í hinum rjetta farvegi Krákár. Þó getur aðalfundur ákveðið að styrkja eða kosta að fullu aðrar framkvæmdir á áveituvæðinu, er nauðsyn þykir til að komist á. Fjelagið ber og kostnað þann, sem leiðir af árlegu eftirliti með tryggingu farvegsins og almennri umsjón með vatnsveitingum á fjelagssvæðinu, samkvæmt 7. gr.

4. gr.

Mannvirki þau, sem fjelaginu er ætlað að kosta samkvæmt 3. gr. eru

fyrst og fremst varnargarðar í Randarskarði, Baldursheimskil og Strandakil, og skal því skylt að taka þá að sjer, þá er samþykkt þessi hefir hlotið staðfestingu. **94** 31. júlí
 Þó skulu straumgöng í gegnum nefnda varnargarða vera kostuð af viðkomandi vatnsnotendum, nema að því leyti sem opinber styrkur fengist til verksins. Ennfremur skulu þeir og bera kostnað af skemdum þeim, er álitist getur að stafi af vatnstökunni.

Nú myndast ný landbrot út frá farvegi Krákár, sem hætta stafar af fyrir engi, og skal þá stjórn áveitufjelagsins gangast fyrir að gert sje við þau. Sje landbrotið komið af jarðraski af manna völdum, skal sá, er því olli, bera kostnað á aðgerðinni, en að öðrum kosti áveitufjelagið.

5. gr.

Kostnað við áveitustíflur og aðra meðferð vatnsins en að framan er rætt um, bera þeir, er stíflu eða áveitu nota, hver í sínu lagi, í rjettri tiltölu við vatnsmagn það, sem hverjum ber, frá þeirri stíflu, sem hann á hlut að, og ennfremur kostnað við eftirlit með hinum einstöku stíflum.

6. gr.

Skifting áveituvatnsins skal einkum byggjast á engjamagni og aðstöðu hverrar jarðar eftir landslagi og staðháttum. Skal þess gætt svo sem unt er, að fullnægja vatnspörf hverrar jarðar og engjahluta. Meðan eigi hefir farið fram fullnaðarmat á tiltölu hverrar jarðar og engjahluta, nje full reynsla fengin á vatnspörfinni, skal samkomulag að mestu ráða um vatnsskiftinguna. Þó skal um Randarskarð taka til jafnaðar eigi minna en $\frac{1}{3}$ hluta þess vatns, er Kráká ber þar fyrir sunnan. Þeim hluta vatnsmagns, sem þá er eftir í farveginum, skal skift milli allra stífla, sem eru í Kráká, eftir sem líklegustu hlutfalli miðað við áveitusvæði hverrar stíflu, og skal það vera undir eftirliti áveitustjóra samkvæmt 7. gr.

7. gr.

Stjórn fjelagsins skal ráða einn mann til að hafa yfirumsjón með öllum vatnsveitingum á fjelagssvæðinu, sem eigi eru sjerstaklega faldar verkfróðum mönnum, og nefnist hann áveitustjóri. Er heimilt að velja til þess utanfjelagsmann. Hann skal vera fær um að mæla vatnsmagn í farvegum og áveituskurðum, svo hann geti skift því milli vatnsnotenda eftir sem rjettastri tiltölu. Skulu allar aðalstíflur gerðar í samráði við hann, enda segi hann fyrir um vatnstöku í hvert sinni, og í hvaða röð stíflur sje stíflaðar í Kráká. Nú reynist eigi vatnsmagn farvegsins nægilegt til að fullnægja áveitusvæði allra stíflanna í senn, og skal þá áveitustjóri gangast fyrir að skiftst sje á um vatnið, á þann hátt, sem best kemur við. Eru allir vatnsnotendur skyldir til að hlíta fyrirmælum hans þegar í stað.

94
31. júlí

8. gr.

Skifting alls almenns kostnaðar, er starfsemi fjelagsins hefir í för með sjer, skal byggjast jöfnum höndum á heymagni hvers engjasvæðis og vatnsmagni því, er hver vatnsnotandi fær við vatnsskiftinguna. Ef tregða verður á um greiðslu kostnaðar þessa, fer um það samkvæmt lögum um vatnsveitingar.

9. gr.

Allar miskliðir, er rísa kunna í fjelaginu, skal fara með samkvæmt gildandi lögum um vatnsveitingar.

Brot gegn samþykkt þessari geta varðað sektum: 1—200 kr., eftir dómi matsmanna, eins og mælt er fyrir um í vatnsveitingalögunum. Skulu þær renna í sjóð áveitufjelagsins.

10. gr.

Fullnaðarmat skal fara fram á tiltölu hvers engjasvæðis í vatnsmagni Krákár, þá er ítarlegri reynsla er fengin fyrir þeim grundvelli, er mat skal byggjast á (sbr. 6. gr.). Fáist eigi matsgerð eftir samkomulagi málsaðila sjálfra, skal hún gerð af lögákveðnum matsmönnum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum um vatnsveitingar 22. nóvember 1913, staðfestist hjer með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 31. júlí 1915.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.

95
31. júlí

Samþykkt

um áveitu úr Mývatni í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Samþykkt þessi nær til jarðanna: Hofstaða, Geirastaða, Belgjar, Ytrineslanda, Syðrineslanda, Grímsstaða, Reykjahlíðar, Voga, Geiteyjarstrandar, Kálfastrandar, Garðs, Skútustaða, Álftagerðis og Haganess,